169 29. okt. áunnið sjer framfœrzlurjett í tjeðri sveit; og skal því hinn áfrýjaði úrskurður yðar frá 20. marz þ. á. óraskaður standa.

170 29. okt. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu um* champagne-cíder. — Verzlunarhúsið Sv. Jacobsen & Co. á Seyðisfirði hafði borið sig upp undan því, að það hefði verið krafið um toll af «champagne-cíder» er það hafði flutt hingað til landsins í fyrra. Landshöfðingi úrskurðaði, að lögur þessi yrði, eptir því sem komið hafði fram, að teljast með áfengum drykkjum, og að því ekki gæti komið til tals að endurborga toll þann, er kærandi hafði greitt af honum.

171 29. okt. — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* lán til jarðabóta á prestssetri. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 11. þ. m. veitist hjer með Nesþingaprestakalli í Snœfellsnesprófastsdœmi 300 kr. lán til að halda áfram jarðabótum á prestssetrinu Þœfusteini gegn 4% árlegum vöxtum og gegn því, að lánið verði endurgoldið með $^1/_{12}$ eða 25 kr. á ári hverju. Það er skilyrði fyrir því, að lánið eða nokkur hluti þess verði ávísaður til útborgunar, að sannað verði áður með löglegri virðingargjörð og vottorði frá hlutaðeigandi prófasti, að búið sje að gjöra þær jarðabœtur, að arðurinn af þeim muni vera nœgilegur til að greiða vexti af láninu og að endurborga það.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

172 30. okt. — *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* veitingu prestakalla. — Samkvæmt áskorun hjeraðsfundarins í Suður-Þingeyjar prófastsdœmi frá 11. f. m. hefir hlutaðeigandi prófastur farið fram á, að 7. gr. laga 27. febr. þ. á. um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda verði eptirleiðis fullnœgt þannig, að þegar brauð er undir veitingu, sje viðkomandi sóknarnefnd send skrá yfir þá, sem sótt hafa um brauðið, svo að nefndinni gefist kostur á að mæla fram með einum umsœkjanda, áður en brauðið sje veitt. Takið þjer í þóknanlegu brjefi frá 26. þ. m. fram, að það sje hvorttveggja, að ekki er ákveðið í 7. gr, nefndra laga, að senda skuli hlutaðeigandi sóknarnefnd slíka skrá yfir umsœkjendurna, enda hafi lögin ekki getað haft þetta fyrir augum, því ef svo væri, gæti það valdið óbœrilegum drætti á veitingu brauðsins og afleiðingin stundum orðið sú, að söfnuðurinn yrði sviptur prestsþjónustu um lengri eða skemmri tíma. Þó að þjer því álítið að áminnzt áskorun sje sprottin af misskilningi á nefndu lagaboði, hafið þjer álitið, að yður bæri að bera málið undir úrskurð minn.

Fyrir því skal yður, herra biskup, hjer með þjónustusamlega tjáð hið eptirfylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Þó að 7. gr. laga 27. febr. þ. á. heimili sóknarnefndum rjett til, þegar prestakall er undir veitingu, að mæla fram með einum umsœkjanda, er þar með ekki veitt söfnuðunum hlutdeild í veitingunni sjálfri, og var þetta ljóslega tekið fram í umrœðunum á alþingi um lögin. Aptur á móti leiðir það af sjálfu sjer, að þegar sóknarnefnd vill neyta rjettar síns til að mæla fram með einum sœkjanda, mun, ef slík meðmæli eru á góðum rökum byggð, verða tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra við veitingu prestakallsins. Lögin láta það á valdi sóknarnefndarinnar sjálfrar, hvort hún vilji neyta